



Alþingi

Rvk. 06.01.97.

Erindi nr. D 121 / 682

komudagur 711 1997

Heilbrigðis og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamar v/ Templarasund
150 Reykjavík


Vísa til bréfs dags 10 des 1996.

Varðandi umsögn um frumvarp til laga um sóttvarnarlög, 191. mál heildarlög.

Eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, í meðferð heilbrigðisnefndar, sé ég ekkert sem mælir gegn samþykkt þess til laga.

Í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis stendur í fimmtu málsgrein að "Í þessu frumvarpi er m.a. að finna þau nýmæli (16. grein) að starfrækja skuli göngudeildir... ". Vert er að benda á að göngudeild kynsjúkdóma hefur verið starfrækt í Reykjavík í meir en 40 ár. Á þessa deild hafa sótt 3800 einstaklingar árlega á aldrinum 14-35 ára. Sú deild hefur aldrei fengið þá fjármuni sem hún þarf og væri ekki vanþörf á að leysa þau vandamál um leið og veitt er fjármunum í nýja starfsemi.

Virðingarfyllst


Jón Hjaltalín Ólafsson dr.med. yfirlæknir
Göngudeild húð og kynsjúkdóma
Landspítalinn

Dósent í húð og kynsjúkdómum við H.Í.